



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um P-merkt hleðslustæði (US190322).**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. október 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir upplýsingum um hleðslustæði fyrir rafbíla í P-merktum bílastæðum bílastæðahúsa í eigu/umsjá Reykjavíkurborgar. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig bregðast eigi við séu ekki hleðslutæki fyrir rafbíla í P-merktum stæðum í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 30. október 2019.

Umsögn:

Þann 30. október 2019, var lögð fram tillaga skrifstofu umhverfisgæða umhverfis- og skipulagssviðs, um uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs. Uppsetning stæðanna er örlítið á eftir þeirri áætlun sem þá var lagt upp með en gert er ráð fyrir að framvinda verði samkvæmt áætlun fyrir lok ársins.

Í dag eru hleðslustæði í öllum bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs að undanskildu Kolaporti en unnið er að uppsetningu hleðslustæða þar. Fjöldi hleðslustæða í húsunum er:

Staðsetning	Fjöldi stæða
Bergstaðir	4
Ráðhús	12
Stjörnuport	6
Traðarkot	6
Vesturgata	4
Vitatorg	12

Engin hleðslustæðanna eru sérstaklega merkt hreyfihömluðum. Þó er ekki talið að neitt sé því til fyrirstöðu að þeir geti notað hleðslustæðin. Nýting á stæðunum er almennt ekki það mikil að öll hleðslustæðin séu í notkun á sama tíma.

Beðist er velvirðingar á að dregist hafi að svara fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
starfandi samgöngustjóri